

RÉTTARFARSNEFND

Reykjavík, 5. desember 2023

Dómsmálaráðuneytið
v.t. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri
Borgartún 26
105 Reykjavík

Efni: Erindi LMFÍ um greinargerðir í kærumálum til Hæstaréttar

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 19. júní 2023 var réttarfarsnefnd sent erindi LMFÍ til ráðuneytisins frá 26. maí sama ár. Þar er lýst því álitum félagsins að þörf sé breytingar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála í þá veru að ekki komi til þess að aðilar skili greinargerðum í kærumálum fyrir Hæstarétti fyrr en ljóst er hvort fallist verði á ósk um kæruleyfi. Að mati LMFÍ fæli slíkt í sér hagræði fyrir alla aðila sem og minni kostnað. Óskaði ráðuneytið eftir afstöðu réttarfarsnefndar til þessarar tillögu ásamt umfjöllun um helstu kosti og galla sem hún kynni að hafa í för með sér.

Inngangur

Réttarfarsnefnd hefur haft erindið til umsagnar. Til að setja erindið í samhengi verður lýst í stuttu máli þeim reglum sem gilda um óskir um kæruleyfi fyrir Hæstarétti. Umsögn réttarfarsnefndar lýtur ekki að beinum kærum til Hæstaréttar.

Fjallað er um kærur til Hæstaréttar í XXVI. kafla laga nr. 91/1991 og eru kærheimildir laganna taldar í 167. gr. Fjallað er um beinar kærur í 1. mgr. 167. gr., en í 2. og 3. mgr. greinarinnar er fjallað um heimildir til að óska eftir kæruleyfi til að kæra nánar tiltekna úrskurði Landsréttar. Í 2. mgr. er fjallað um kærur á úrskurðum Landsréttar eftir öðrum lögum en í 3. mgr. kærur á úrskurðum Landsréttar um önnur atriði en greinir í 1. mgr. laga nr. 91/1991. Við mat á því hvort Hæstiréttur eigi að samþykkja að taka slík kæruefni til meðferðar eftir 2. eða 3. mgr. á að líta til þess hvort það varði mikilsverða almannahagsmuni, hafi fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð máls. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni. Þá getur Hæstiréttur á hvaða stigi máls sem er synjað að taka kæruefni til meðferðar eftir 1., 2. eða 3. mgr. 167. gr. laganna ef rétturinn telur kærur tilefnislausar eða augljóslega setta fram í þeim tilgangi að tefja framgang máls.

Samkvæmt 1. mgr. 168. gr. laga nr. 91/1991 á sá sem óskar leyfis til að kæra dómsathöfn Landsréttar að afhenda Landsrétti skriflega kærur með ósk um kæruleyfi Hæstaréttar áður en tvær vikur eru liðnar frá uppkvaðningu dómsathafnar ef hann eða umboðsmaður hans var þá staddur á dómþingi, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um dómsathöfn. Réttaráhrif óskar um kæruleyfi frestar þá frekari framkvæmd á grundvelli dómsathafnar þar til leyst er úr máli fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 168. gr. laganna.

Í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 er fjallað um hvað eigi að koma fram í kæru og í 2. mgr. segir að kæru megi styðja með nýjum sönnunargögnum. Samkvæmt 1. mgr. 171. gr. laganna sendir Landsréttur kæru ásamt ósk um kæruleyfi til Hæstaréttar og gagnaðila þess sem kærir svo fljótt sem verða má nema rétturinn kjósi sjálfur að fella kærða dómsathöfn úr gildi. Í 2. mgr. 171. gr. laganna segir að sá sem óski eftir kæruleyfi skuli senda Hæstarétti þau gögn málsins sem hann telur sérstaklega þörf á til úrlausnar um kæruefnið og í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður innan viku frá því að Landsréttur sendi Hæstarétti ósk um kæruleyfi. Þá er einnig gert ráð fyrir að hann afhendi Hæstarétti skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á ásamt rökstuðningi fyrir því að taka skuli kæru til meðferðar. Hann skal samtímis afhenda gagnaðila eða gagnaðilum eitt eintak kærumálgagna og greinargerðar. Þá á að fylgja gögnunum skrá og eiga gögnin að vera í því horfi sem Hæstiréttur mælir fyrir um.

Þegar sá sem óskar eftir kæruleyfi hefur afhent Hæstarétti málgögn á gagnaðili þess kost að skila til Hæstaréttar innan viku skriflegri greinargerð sem geymi afstöðu hans til kæruefnis, kröfur og málsástæður sem byggt er á og eftir atvikum afstöðu hans til þess hvort orðið verði við ósk um kæruleyfi, sbr. 1. mgr. 172. gr. laga nr. 91/1991. Hann á þá samtímis að afhenda kæranda eitt eintak kærumálgagna og greinargerðar.

Umsögn réttarfarsnefndar

Fram hefur komið gagnrýni LMFÍ á það fyrirkomulag að aðilum sé gert að senda greinargerð samhliða ósk um kæruleyfi þegar byggt er á 2. og 3. mgr. 167. gr. laga nr. 91/1991. Í beiðni dómsmálaráðuneytis hefur sem fyrr segir verið óskað umsagnar réttarfarsnefndar um kosti og galla þess að breyta því fyrirkomulagi.

Eins og fram kom í lögskýringargögnum með lögum nr. 49/2016 sem breyttu lögum nr. 91/1991 vegna stofnunar millidómstigs og nýs hlutverks Hæstaréttar, var ein þeirra forsendna sem gengið var út frá við smíði frumvarpsins að það myndi draga sem minnst úr málshraða. Heimildir til að kæra úrskurði Landsréttar um réttarfarságreining væru til þess fallnar að tefja verulega rekstur þeirra mála sem um ræddi og hinu sama gegndi þótt kæra væri háð leyfi Hæstaréttar. Væri meðferð umsóknar um kæruleyfi til þess fallin að valda svipuðum töfum á rekstri máls og kærumeðferðin sjálf. Meðal annars þess vegna var lagt til að beinar kærumeðferðir til Hæstaréttar yrðu tiltölulega fáar og þar einkum horft til norskra réttarfarslaga um heimildir til að skjóta formúrlausnum til Hæstaréttar. Þá var jafnframt lögð til sérstök heimild til að sækja um leyfi Hæstaréttar til að kæra úrskurði Landsréttar til réttarins þegar svo væri fyrir mælt í öðrum lögum sem og úrlausnir Landsréttar um önnur atriði en fram kæmu í 1. mgr. 167. gr. Þá var gengið út frá því að sá sem óskaði eftir kæruleyfi þyrfti að standa á sama hátt að sendingu gagna til Hæstaréttar og þegar hann sendi Hæstarétti kæru og gagnaðila hans gæfist sama færi á að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu hvort sem um væri að ræða kæru eða ósk um kæruleyfi.

Að áliti réttarfarsnefndar eru kostir þess að halda núverandi fyrirkomulagi fyrst og fremst þeir að með því að aðilar senda greinargerðir sínar með ósk um kæruleyfi eða andsvörum er tryggt að hægt er að leysa með skjótum hætti úr kærumáli fáist það samþykkt. Þar með er meðferð máls sem kann að bíða á meðan flýtt eða að minnsta kosti komið í veg fyrir óþarfa tafir. Þá geta þær

málsástæður sem fram gætu komið í greinargerðum eða eftir atvikum nánari rökstuðningur verið til þess fallinn að varpa frekari ljósi á málavexti og málatilbúnað aðila við meðferð Hæstaréttar á ósk um kæruleyfi. Jafnframt kynni rýmkun skilyrða að þessu leyti að stuðla að fjölgun kæra fyrir Hæstarétti og haft í för með sér aukið álag á starfsemi réttarins.

Eins og bent er á í erindi LMFÍ eru gallar á núverandi fyrirkomulagi. Aðilum gefst í fyrsta lagi knappur tími til þess að sækja um kæruleyfi og útbúa samhliða kærumálgögn. Það er í öðru lagi tímafrekt fyrir lögmenn að vinna greinargerðir samhliða ósk um kæruleyfi og í því getur jafnframt falist nokkur tímasóun þegar litið er til lágs hlutfalls samþykktra beiðna um kærur til réttarins. Í þriðja lagi er reynslan sú að flest samþykktra kærumála eru flutt munnlega. Stuttur frestur til að skila greinargerðum væri því ekki til þess fallinn að tefja meðferð þeirra mála um of heldur kynni hann jafnvel að stuðla að betri frágangi málflytningsskjala þegar fyrir liggur að kærumál verður tekið til meðferðar.

Til viðbótar er að því að gæta að með ósk um kæruleyfi berast Hæstarétti kærumálgögn í nokkrum eintökum og greinargerð aðila. Skjöl málanna eru misjafnlega mikil að umfangi en sum þeirra geta verið mjög flókin og umfangsmikil. Ef ekki er fallist á umsókn um kæruleyfi er þessum skjölum fargað. Þá eru sem fyrr segir flest samþykktra kærumála flutt munnlega. Í undantekningartilvikum er um að ræða skriflega flutt mál þar sem frestur til að skila greinargerðum gæti tafið mál um tvær til þrjár vikur frá því sem nú gildir. Sá ávinningur sem hlytist af breyttu fyrirkomulagi verður hins vegar að teljast meiri en það óhagræði sem hlytist af töfum á skriflega fluttum kærumálum. Við framangreint bætist jafnframt að samkvæmt upplýsingum sem réttarfarsnefnd hefur fengið frá Hæstarétti hefur sú krafa laga nr. 91/1991 að aðilar leggi fram málgögn samhliða beiðnum um kæruleyfi í reynd tafið fyrir því að hægt sé að taka á móti óskum um leyfi til að kæra úrskurði Landsréttar um rafræna gátt sem Hæstiréttur hefur tekið í gagnið og er nýtt við móttöku óska um áfrýjunarleyfi.

Þegar framangreindir kostir og gallar eru vegnir saman telur réttarfarsnefnd að kostir þess að breyta núverandi fyrirkomulagi vegi þyngra en þeir gallar sem á því eru.

Lokaorð

Að öllu framangreindu gættu leggur réttarfarsnefnd til við ráðherra að tekið verði til sérstakrar skoðunar að hverfa frá þeirri framkvæmd að áskilja framlagningu greinargerðar og kærumálgagna samhliða ósk um kæruleyfi.

Fyrir hönd réttarfarsnefndar



Ása Ólafsdóttir